

# Umhverfi Norrænahússins

## Hugmyndasamkeppni



## Keppnislýsing

Reykjavík 18. Janúar 2012



Hönnunarmiðstöð  
Iceland Design Centre



Reykjavíkurborg  
Þjónusta fyrir þig



## Efnisyfirlit

1.	KYNNING.....	3
1.1	INNGANGUR.....	3
1.1	SAMKEPPNIN.....	3
1.2	VERÐLAUN.....	3
1.3	YFIRLIT YFIR VERKIÐ.....	4
1.4	DEILISKIPULAG.....	5
1.5	MARKMIÐ.....	5
1.6	ÁHERSLUR DÓMNEFNDAR.....	5
2.	LÝSING VERKEFNIS.....	6
2.1	ALMENN ATRIÐI.....	6
2.2	JARÐVEGUR.....	6
2.3	INNIHALD TILLAGNA.....	6
2.4	STÆRÐARKRÖFUR SVÆÐA.....	7
3.	TÆKNILEG TILHÖGUN SAMKEPPNINNAR.....	7
3.1	ÞÁTTÖKURÉTTUR.....	7
3.2	AFHENDING KEPPNISGAGNA.....	8
3.3	KEPPNISGÖGN.....	8
3.4	SKIL GAGNA.....	8
3.5	FYRIRSPURNIR TIL DÓMNEFNDAR.....	9
3.6	SKIL TILLAGNA.....	9
3.7	DÓMNEFND & RITARI DÓMNEFNDAR.....	10
3.8	TRÚNAÐARMÆÐUR.....	10
3.9	ÚRSLIT.....	10
3.10	SÝNING Á INNSENDUM TILLÖGUM.....	11
3.11	NÝTING Á TILLÖGUM.....	11
3.12	Samþykki keppnislýsingar.....	12

## 1. KYNNING

### 1.1 INNGANGUR

Norræna húsið, Sturlugötu 5 - 101 Reykjavík, í samvinnu við Félag Íslenskra Landslagsarkitekta og Hönnunarmiðstöðvar Íslands, Vonarstræti 4b, 101 Reykjavík, efna til hugmyndasamkeppni um hönnun á svæði sem umlykur Norræna húsið ca. 14,6 ha. sem afmarkast 5m. útfyrir Sæmundargötu, Sturlugötu, Njarðargötu og Hringbraut skv. lýsingu þessari og þeim gögnum sem eru tilgreind. Í miðju skipulagssvæðis er friðland 4,6 ha sem dregst frá samkeppnissvæðinu. Þátttakendur skulu kynna sér keppnisgögn og lýsingu.



### 1.1 SAMKEPPNIN

Samkeppnin er hugmyndasamkeppni og er opin landslagsarkitektum og öðrum þeim fagaðilum og hönnuðum sem eru í fagfélögum innan Hönnunarmiðstöðvar Íslands, hugmyndasamkeppnin mun einnig verða auglýst á norðurlöndunum. Eigendur samkeppnissvæðis eru þrír, tveir formlega skráðir eigendur þ.e Háskóli Íslands og Reykjavíkurborg og einn í gegnum hefð sem er Norræna húsið. Leitað er að góðum hugmyndum til að leggja til grundvallar framtíðaráformum framkvæmda milli þessara þriggja aðila. Dómnefnd er þó heimilt að hafna öllum tillögum, ef engin þeirra þykir frambærileg.

### 1.2 VERÐLAUN

Veitt verða verðlaun að heildarfjárhæð allt að kr. 2.000.000,- m. vsk. Stefnt er að veitingu tveggja verðlauna 1.,2. verðlauna. Ásamt verðlaunum fyrir áhugaverða tillögu, ein eða fleiri.

1. verðlaun verða eigi lægri en 1.000.000,- m.vsk.
2. verðlaun eigi lægri en 500.000,- m.vsk.

Auk þess er dómnefnd heimilt að veita tillögum viðurkenningu fyrir allt að samtals 500.000.- m.vsk.

### 1.3 YFIRLIT YFIR VERKIÐ

Norræna húsið í Reykjavík var vígt þann 24.ágúst 1968. Húsið er eitt af síðustu verkum á löngum og umfangsríkum ferli hins merka finnska arkitekts Alvar Aalto. Norræna húsið er sannarlega sniðið að þeim stað, því loftslagi og þeirri menningu sem það er byggt inn í, en í því má einnig finna þroskaða útfærslu af mörgum þeim þáttum sem arkitektinn Alvar Aalto vann með í öðrum verkum sínum. Í húsinu er reyndar hægt að greina náninn samruna hins hvíta módernisma sem Aalto lagði upp með í byrjun ferils síns og hins efniskennða eða ljóðræna módernisma sem einkenndi síðari verk hans.

Andstæður láréttra, agaðra lína og lóðréttra, lífrænna drátta sem birtast m.a. í hvítmáluðum flötum Norræna hússins andspænis háglansandi strýttunni upp úr miðri byggingunni skapa sterka sjónræna spennu og örva margvíslega skynjun á formi og rými byggingarinnar.

Alvar Aalto hannaði innanstokksmuni í flest allar byggingar sínar og mörg húsgagna hans, lampar og aðrir munir eru framleiddir enn í dag. Í Norræna húsinu eru allar innréttingar, lampar og nær öll húsgögn eftir Aalto og stóru bronshöldurnar á dyrunum eru eins og handtak hans sjálfs: mjúkt og þétt.

Friðlandið í Vatnsmýrinni er einstakt að því leiti til að þar tvinnast fuglalíf og náttúra saman við borgar og menningar líf.

Háskóli Íslands, Norræna húsið og Reykjavíkurborg hafa tekið höndum saman um endurbætur á friðlandinu. Þannig gefst tækifæri til að endurheimta votlendið, efla áhuga fyrir náttúrunni sem þar er og vekja samfélagið til vitundar um verndun náttúrusvæða innan sem utan borgarinnar (samþykkt dags. 20.06.2011).

Með endurbótum á friðlandinu getur það þjónað enn betur hlutverki sínu sem griðastaður fugla, vatnalífvera og gróðurs. Votlendi friðlandsins á að geta verið sjálfbært með hreinleika og endurnýjun sem stuðlar að fjölbreytni lífvera og gróðurs.

Núverandi ástand á lífríki og friðlandi fugla, hefur farið hnignandi á svæðinu, fuglum fækkar, gróður er orðinn fábreyttari og vatnalífverur eins og marflær eru margar hverjar horfnar. Norræna húsið hefur á síðustu árum unnið markvisst að uppbyggingu og endurbótum á svæðinu, sérstaklega að friðlandinu, sem er svæði merkt á yfirlitskortu, og er miðja samkeppnissvæðis. Þetta svæði er ekki innan samkeppnissvæðisins en tillit skal tekið til þess í samkeppnislausnum. Svæðið hefur í gegnum árin hlotið litla umönnun aðra en slátt á grasi. Norræna húsið hefur stuðlað að í samstarfi við HÍ og Reykjavíkurborg um að endurbæta og koma friðlandinu í viðunandi horf. Í byrjun næsta árs verður byrjað á framkvæmdum sem miða að:

- Tryggja tjarnarfuglum öruggt varpland
- Gefa vísbendingu um þann gróður sem einkenndi svæðið fyrir á tímum
- Endurnýja og viðhalda líffræðilegum fjölbreytileika á svæðinu
- Gera svæðið að fyrirmynd fyrir endurheimt votlendis

Framkvæmdirnar eiga sér stað innan friðlandsins og eiga þátttakendur samkeppninnar ekki að vinna innan friðlandsins heldur eingöngu á svæðinu utan við það (sjá Aðgerðaáætlun 3.3 gr.9) og afmörkun á yfirlitsmynd.

Svæðið sem er nú í uppbyggingu er að mestu leiti hugsað sem endurbætur á dýra, fugla og plöntulífi.

Með þessari hugmyndasamkeppni vilja hlutaðeigandi aðilar sjá hugmyndir hvernig svæðin geta fléttast saman á sem bestan hátt við aðliggjandi opin svæði og það skoðað sem ein heild, tengja svæðið betur við fólkið sem fer um svæðið og gert það að spennandi og áhugaverðum stað til að vera á. Hvernig það geti þróast á sem bestan hátt sem útivistarsvæði fyrir almenning, sem nýst getur Norræna húsinu, Háskóla Íslands og Reykjavíkurborg í menningarstarfi þess.

#### 1.4 DEILISKIPULAG

Fyrir liggur samþykkt deiliskipulag af svæðinu, dags. 20.06.2011. Votlendissvæðum og tjörnum verður ekki breytt. Lega göngustíga og byggingarreitur fuglahúss í deiliskipulagi eru leiðbeinandi í þessari hugmyndasamkeppni. Samkvæmt samþykktu aðalskipulagi er svæðið opið grænt svæði.

#### 1.5 MARKMIÐ

Markmið þessarar hugmyndasamkeppni er að fá hugmyndir um svæðið, raunhæfar og spennandi tillögur um hönnun og innihald þessa mjög svo einstaka svæðis sem staðsett er í miðborg Reykjavíkur og á að nýtast allri fjölskyldunni til fjölbreyttrar útvistar og ánægju allt árið um kring. Tillögur skulu bera með sér vandað og fallett heildaryfirbragð útivistarsvæðis sem fellur vel að umhverfi sínu og taka mið af helstu sérkennum svæðisins, s.s. nálægð við miðborg Reykjavíkur og ósnortna náttúru og viðkvæmt fuglalíf. Taka skal mið af tengingu svæðisins við núverandi byggingar innan samkeppnissvæðis, núverandi stígakerfi, huga að gangbrautum og tengingu við Háskólasvæðið, Hljómskálagarðinn og framtíðarbyggðarþróun í næsta nágrenni o.fl. Svæðið skal hugsað þannig að það laði til sín almenning og tekið sé mið af þörfum fatlaðra.

Einnig skal miðlun þekkingar á uppbyggingu og mikilvægi votlendissvæða gerð skil til almennings á frumlegan og listrænan hátt með skiltum. Lögð er áhersla á nútímalega hönnun sem jafnframt verði hagkvæm í byggingu og rekstri. Sýna skal fram á lausn á því hvernig friðlandið fléttast á sem bestan hátt við samkeppnissvæðið.

#### 1.6 ÁHERSLUR DÓMNEFNDAR

Leitað er eftir fjölbreyttum, spennandi og frumlegum hugmyndum en jafnframt að þær séu raunhæfar. Dómnefnd mun leggja ríka áherslu á samtvinnun við náttúrulegt votlendissvæði í miðju samkeppnissvæðis og þeirri afþreyingu, fræðslu og frístundarstarfi sem svæðið í heild getur boðið uppá. Dómnefnd mun meta tillögur út frá umhverfissjónarmiðum með áherslu á vistvænar lausnir.

Heildarlausnir á svæðinu skulu vera metnaðarfullar þannig að þær falli vel að svæðinu í heild sinni og.

## 2. LÝSING VERKEFNIS

### 2.1 ALMENN ATRIÐI

Heildarstærð svæðisins er 14,6 ha. m<sup>2</sup>.

Svæðið mun gegna sambærilegu hlutverki og almenningsgarður og er næsta nágrenni við Norræna húsið, Öskju og byggingar Háskóla Íslands, Hljómskálagarðsins og tjarnarinnar. Garðurinn skal vera framlenging á byggingu Norræna hússins og Öskju, útivistarsvæði í miðborg Reykjavíkur. Útivistarsvæðið þarf að uppfylla allar kröfur, staðla og reglugerðir sem gerðar eru til svæðis sem gegna hlutverki almenningsgarða miðsvæðis í borg.

Það sem hafa má í huga við skipulag svæðisins:

- Hugmyndir að heildarsýn á hönnun svæðisins
- Fjölbreytni í afþreyingu fyrir almenning
- Bekkir og götugögn
- Skiltamerkingar
- Stígakerfi
- Hjólréiðastígar
- Fjölbreytilegir möguleikar til afþreyingar og útivistar fyrri alla fjölskylduna
- Fuglaskoðunarhús
- Fræðslugarður / útikennslusvæði
- Útieldhús
- Nestisaðstaða
- Götumynd og göngutengingar
- Fyrirkomulag bílastæða
- Ljósahönnun - vetrar/og jólalýsing
- Útitónleikasvæði/aðstaða fyrir uppákomur/ samkomur / skemmtanir
- Skjólmyndun
- Gróður og helsta tegundarval gróðurs
- Efnisnotkun
- Göngutengingar við aðliggjandi svæði og byggingar

### 2.2 JARÐVEGUR

Jarðvegur á þessu svæði er mýrlendur og dýpi niður á fast er 5-7 metar.

### 2.3 INNIHALD TILLAGNA

Keppnissvæðið er eins og lýst er í þessari keppnislýsingu, sjá nánar í öðrum keppnisgögnum. Ekki verða neinar frekari framkvæmdir inná friðlandinu sjálfu.

Við hönnun svæðisins skal gera grein fyrir hæðarsetningu, yfirborðsfrágangi og skipulagi aðkomu, fyrirkomulagi bílastæða, gönguleiða, dvalarsvæða og grænna svæða. Við hönnun á yfirborðsfrágangi,

staðsetningu og fyrirkomulagi gróðurs ásamt helsta tegundarvali gróðurs, hönnun og vali götugagna og útilýsingar skal leita samræmis við aðliggjandi umhverfi og byggingar. Gera skal ráð fyrir umferð fatlaðra og sjónskertra um svæðið og skulu allar lausnir taka mið af því ásamt því að taka mið af vistvænum lausnum og sjálfbærni.

Bílastæði skulu merkt og afmörkuð og stæði fyrir fatlaða skulu skilgreind og merkt sérstaklega. Lega göngustíga og byggingarreitur fuglahúss í deiliskipulagi eru leiðbeinandi. Leyfilegt er í þessari hugmyndasamkeppni að breyta og aðlaga þetta að nýjum hugmyndum.

Strætisvagnstoppistöðvar eru í nágrenni við svæðið. Gera má tillögu að breyttri legu og fyrirkomulagi þeirra.

Frágangur svæðisins skal vera aðlaðandi og aðgengilegt til samveru og útivistar. Á svæðinu skal huga vel að skjólmyndun bæði fyrir veðrum og bílaumferð. Dvalarsvæði skulu snúa vel við sólu með bekkjum og öðrum götugögnum svo að svæðið dragi til sín vegfarendur, sé aðlaðandi og hvetji til útivistar. Háskóli Íslands gerir ráð fyrir að svæðið þar sem nú eru bílastæði starfsfólks og nemenda HÍ verði áfram nýtt undir starfsemi skólans.

Huga skal að aðkomu og tengingu við núverandi stígatengingar til dæmis umhverfis Reykjavíkurtjörn, Hljómskálagarð, frá Háskóla Íslands, Norræna húsinu og Öskju ofl.

## 2.4 STÆRÐARKRÖFUR SVÆÐA

Á núverandi deiliskipulagi er ákveðinn byggingarreitur fyrir fuglaskoðunarhús. Þennan byggingarreit má færa til. Stærðin skal vera sú sama.

- Fuglaskoðunarhúsið ca. 20m<sup>2</sup>
- Útikennsluaðstæðann ca. 20 börn
- Útieldhús fyrir ca. 20 börn
- Útitónleikasvæðið ca. Fyrir 100-500 manns
- Allar aðalgönguleiðir skulu ekki vera undir 2 m. á breidd
- Allar aðalhjólaleiðir skulu ekki vera undir 1 m. á breidd

Bílastæði mega stökast upp að vild og koma með tillögu að legu þeirra og fyrirkomulagi. Heildarfjöldi skal þó vera sá sami og er í dag.

## 3. TÆKNILEG TILHÖGUN SAMKEPPNINNAR

### 3.1 ÞÁTTÖKURÉTTUR

Sjá gr. 1.1

FÍLA auglýsir samkeppnina hjá landslagsarkitektafélögum á Norðurlöndunum. Jafnframt auglýsir FÍLA

og Hönnunarmiðstöð Íslands samkeppnina á sínum miðlum og hvetur félagsmenn sína til að taka þátt í samkeppninni.

Auk dómnefndar, trúnaðarmanns og ritari dómnefndar, er þáttaka óheimil þeim, sem rekur teiknistofu með dómara, vinnur að verkefnum með honum eða er honum nátengdur. Vafatilfelli skal bera undir trúnaðarmann.

### 3.2 AFHENDING KEPPNISGAGNA

Keppnislýsing og önnur keppnisgögn verða aðgengileg, frá og með 17. Janúar 2012 á vef Hönnunarmiðstöðvar.

### 3.3 KEPPNISGÖGN

Nálgast skal öll samkeppnisgögn á vef Hönnunarmiðstöðvar Íslands.

Þau eru:

1. Keppnislýsing
2. Deiliskipulag svæðisins
3. Grunnkort af skipulagssvæðinu með gildandi hæðarlínum
4. Aðaluppdrættir af Norræna húsinu
5. Aðaluppdrættir af Náttúrufræðahúsi (Öskju)
6. Loftmynd
7. Ljósmyndir frá samkeppnissvæðinu
8. Aðgerðaáætlun Norræna hússins, Háskóla Íslands og Reykjavíkurborgar dags. febrúar 2011
9. Önnur gögn til upplýsingar fyrir keppendur s.s reglugerðir o.fl.

### 3.4 SKILGAGNA

Keppendur skulu skila eftirtöldum gögnum:

1. Greinargerð, þar sem meginhugmyndum tillögunnar er lýst. Helstu forsendum og markmiðum sbr. Keppnislýsingu. Greinargerð skal vera í A4 með smækkuðum afritum uppdráttu að eigin vali. Texti í greinargerð skal ekki vera lengri 1000 orð.
2. Samantekt greinargerðar á norðurlandamáli eða ensku
3. Afstöðumynd, með norður upp í mkv. 1:1000, sem sýnir heildarsvæðið og samhengi við nærliggjandi svæði og byggingar.
4. Grunnmyndir í 1:200, sem sýna sérstök áheyrslusvæði að eigin vali
5. Skurðmyndir í mælikvarða 1:200 að eigin vali
6. Útlitsmyndir í mælikvarða 1:200 að eigin vali
7. Fjarvíddar, þrívíddar og rúmteikningar að eigin vali
8. Líkan að eigin vali
9. DVD diskir með greinargerð og samkeppnistillögum í pdf formati

Teikningar skulu vera í stærð A1(59,4 x 84,1 cm), standandi format og upplímdar á pappa. Allur texti skal vera ritaður á vélrænan hátt.

Tillöguarkir A1 skulu ekki vera fleiri en 4, standandi format

### 3.5 FYRIRSPURNIR TIL DÓMNEFNDAR

Fyrirspurnirnar skal senda til trúnaðarmanns dómnefndar fyrir 6. Febrúar 2012.

Hann mun leggja þær fyrir dómnefndina. Trúnaðarmaður kemur öllum fyrirspurnum, ásamt svörum dómnefndar á Link samkeppninnar á heimasíðu Hönnunarmiðstöðvar.

Svör við fyrirspurnum munu verða birt í síðasta lagi 9. febrúar 2012.

### 3.6 SKIL TILLAGNA

1. Tillögum skal skila til Trúnaðarmanns FÍLA - Hönnunarmiðstöð, Vonarstæti 4b,101 Reykjavík Ísland, eigi síðar enn 12. mars 2012 kl. 18:00 að íslenskum tíma eða póststimplaðar eigi síðar enn 12. Mars 2012.

Trúnaðarmaður tekur á móti tillögum á milli 16:00-18:00 þann dag í Hönnunarmiðstöð. Þeir sem óska eftir að skila tillögum fyrir þann tíma, skulu hafa samband við trúnaðarmann.

Við afhendingu tillögunnar til trúnaðarmanns fær keppandi kvittun merкта auðkennisnúmeri tillögunnar. Við póstsendingu gildir póstkvittunin sem sönnun fyrir að skilafresti.

1. Nægilegt er að tillögum sé komið í póst eða flugafgreiðslu fyrir lok skilafrests. Póstkvittun með tíma og dagsetningu skal senda á trúnaðarmann. Ef tillagan er send skal þátttakandi tilkynna trúnaðarmanni með tölvupósti með hvaða hætti tillaga hefur verið send og áætlaðan sendingartíma. Í póstinum skal koma fram auðkennisnúmer tillögunnar. Eftir fimm daga frá skilafresti verður tillögum ekki veitt viðtaka.

FÍLA / Hönnunarmiðstöð  
Samkeppnistillaga nr. XX (samkeppnisauðkenni tillögu)  
Pósthólf 590  
121 Reykjavík  
Ísland

2. Auðkenna skal öll tillögugögn með fimm stafa auðkenni, stafir og tölustafir, í reit 2 x 5 í hægri horni að neðan. Ógegnsett umslag, merkt sama auðkenni og „nafnmiði“, skal fylgja tillögunni. Í umslaginu skal vera miði með nafni, heimilisfangi og símanúmeri höfunda og samstarfsmanna.

Röð plansa skulu koma skýrt fram með blaðsíðunúmeri 1-4.

3. Ófrávíkjanleg skilyrði þess að tillögu sé veitt viðtaka og hún dæmd, er að henni sé skilað á réttum tíma og nafnleyndar sé gætt.

4. Sérhver tillaga verður tryggð á meðan hún er í vörslu dómnefndar og þar til keppendur geta vitjað þeirra.

### 3.7 DÓMNEFND & RITARI DÓMNEFNDAR

Dómnefnd skipa eftirtaldir:

**Tilnefndir af Norræna húsinu:**

Stig Lennart Andersson, landslagsarkitekt Svíþjóð og prófessor við Háskólann í Danmörku

Max Dager, forstöðumaður Norræna hússins

Sigurlaug Ingibjörg Lövdahl, Háskóli Íslands

**Tilnefndir af FÍLA:**

Björn Axelsson, landslagsarkitekt FÍLA

Inga Rut Gylfadóttir, Landslagsarkitekt FÍLA og formaður FÍLA

**Ritari dómnefndar er**

Marie Persson, starfsmaður Norræna hússins

### 3.8 TRÚNAÐARMAÐUR

Stjórn FÍLA hefur tilnefnt sem trúnaðarmann

Guðmund Rafn Sigurðsson landslagsarkitekt FÍLA

Bollagörðum 17

170 Seltjarnarnes

Farsími: 898-4398

Netfang: [gudmundur.rafn.sigurdsson@kirkjan.is](mailto:gudmundur.rafn.sigurdsson@kirkjan.is)

### 3.9 ÚRSLIT

Áætlað er að dómnefnd ljúki störfum fyrir 22. Mars 2012

Þegar nafnleynd hefur verið rofin verður höfundum verðlaunatillagna sérlega tilkynnt um niðurstöður dómnefndar.

Fréttatilkynning um úrslit verður birt a.m.k í miðlum Hönnunarmiðstöðvar, FÍLA og Norrænahússins. Í henni kemur fram hvaða tillögur voru verðlaunaðar og hverjir eru höfundar þeirra. Dómnefnd mun leggja áheyrslu á að gefa út umsögn um a.m.k. verðlaunatillögur.

**3.10** SÝNING Á INNSENDUM TILLÖGUM

Haldin verður sýning á völdum keppnistillögum eftir að dómnefnd hefur lokið störfum. Sérstök fagleg sýningarnefnd mun setja upp sýninguna í Norrænahúsinu og hefur hún frjálsar hendur um efnistöð og útfærslu. Nöfn höfunda sem eiga verk á sýningunni munu koma fram.

**3.11** NÝTING Á TILLÖGUM

Útbjóðandi hefur heimild til að vinna og nýta sér innsendar tillögur, innan þeirra marka sem höfundarlög leyfa. Verkkaupa er ennfremur heimilt að nota gögnin í sína þágu eins og t.d. til kynningar á samkeppninni og niðurstöðu dómnefndar, útgáfu á niðurstöðu dómnefndar og kynningar á niðurstöðu samkeppninnar ofl. án frekari greiðslu til höfunda.

**3.12** SAMÞYKKI KEPPNISLÝSINGAR

Keppnislýsing þessi er unnin samkvæmt samningi Félags íslenskra landslagsarkitekta (FÍLA) og Norræna hússins. Keppnislýsing ásamt samkeppnisreglum Hönnunarmiðstöðvar er grundvöllur að þessari hugmyndasamkeppni. Keppnislýsingin er samþykkt af útbjóðanda keppinnar og öllum dómnefndarmönnum.

Reykjavík 15.01.2012

Fyrir hönd útbjóðanda,

---

Nafn, starfsheiti

---

Nafn, formaður FÍLA

Dómnefnd samþykkir að dæma eftir keppnislýsingu þessari.

---

Nafn, formaður dómnefndar

---

Nafn

---

Nafn

---

Nafn

---

Nafn

---

Nafn

